

# Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Innviðaráðuneyti / 10.5.2023 10:52

## Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Ef íbúafjöldi í sveitarfélaga er undir 250 við sveitarstjórnarkosningar árið 2022 eða 1.000 við sveitarstjórnarkosningar árið 2026 ber sveitarstjórn hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða skila álitum til innviðaráðuneytis um stöðu og getu sveitarfélagsins til þess að sinna lögbundnum verkefnum innan árs frá sveitarstjórnarkosningum. Með hliðsjón af því er þess farið á leit að sveitarstjórn veiti eftirfarandi álit í samræmi við umbeðnar upplýsingar ráðuneytisins. Óskað er eftir að álitnið berist ráðuneytinu eigi síðar en 14. maí 2023.

### Sveitarfélag

Heiti sveitarfélags

Fljótshreppur

Vinsamlega veljið nafn sveitarfélags í flettistiku til að fá fram upplýsingar um aldursdreifingu og kyn íbúa til samanburðar við meðaltal á landinu öllu.

Hverjar eru horfur innan sveitarfélagsins hvað varðar fjölgun/fækkun íbúa til ársins 2040?

Sveitarfélagið vann húsnæðisáætlun 2023 þar sem íbúafjöldi er áætlaður til ársins 2032. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að fjöldi íbúa í lok tímabilsins 2032 gæti orðið um 150 manns. Miðað við þær forsendur er áætlað að fjöldi íbúa 2040 verði 180-200 manns. Framangreind húsnæðisáætlun fylgir með í viðhengi.

Hverjir eru veigamestu áhrifaþættir í þessari þróun?

Helstu áhrifaþættir í íbúabróuninni snúa í fyrsta lagi að því að vel takist til við uppbyggingu byggðakjarna í sveitarfélaginu og fjölgun atvinnutækifæra og þá ekki síst fyrir konur enda mikilvægt fyrir íbúabróun í sveitarfélaginu að konum fjölgi en nokkuð misvægi er milli kynja í dag. Undirbúningur að því að byggja upp þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu hefur staðið um nokkurt skeið. Í öðru lagi er mikilvægt að atvinnutækifærum verði fjölgað og telur sveitarstjórn að þar séu ýmsir áhugaverðir kostir s.s. í fullvinnslu landbúnaðarafurða, ferðaþjónustu, menningarstarfsemi, orkuframleiðsla og tengdri starfsemi.

### ATVINNA og HÚSNÆÐI

Atvinnulíf – fjöldi starfa, atvinnuleysi, laus störf, áform um uppbyggingu/fjölgun starfa til ársins 2040.

Sveitarfélagið vann innviðagreiningu á árinu 2022 sem er aðgengileg á vef þess og fylgir með í viðhengi. Á bls. 18-25 í skýrslunni er fjallað um núverandi stöðu vinnumarkaðar í Fljótshreppi og tækifæri til frekari uppbyggingar á næstu árum. Milli 55-60 heilsárstörf eru í sveitarfélaginu. Í grunninn er Fljótshreppur landbúnaðarsveit þar sem sauðfjárbúskapur er ríkjandi en jafnframt hefur skógrækt verið stunduð þar um áratugaskeið og má segja ákveðið frumkvöðlastarf hafi farið þar fram á því sviði sem meðal annars skýrist af nálægð við starfsemi Skógræktarinnar á Hallormsstað auk þess sem veðurfar í Fljótshreppi hentar vel til skógræktar. Í sveitarfélaginu er umfangsmikil raforkuframleiðsla í Kárahnjúkavirkjun. Stöðvarhús virkjunarinnar, svokölluð Fljótshreppstöð, er í sveitarfélaginu og ýmis tengd mannvirki. Vatnajökulsþjóðgarður hefur starfsemi í sveitarfélaginu og ein gestastofa stofnunarinnar staðsett þar. Gunnarsstofnun er starfrækt á Skriðuklaustri í því merka húsi sem Gunnar Gunnarsson reisti þar. Í Fljótshreppi er rekin ýmis konar starfsemi á sviði ferðaþjónustu og er Óbyggðasetur Íslands væntanlega kunnast en auk þess eru í rekstri Hengifoss gistiheimili, Klausturkaffi, Hel-Fjallahjólafærðir og ferðaþjónusta á Húsum. Ýmis önnur atvinnustarfsemi er í sveitarfélaginu s.s. frumkvöðlastarf á sviði nýtingar skógarafurða í samnefndu fyrirtæki, Skógarafurðir ehf., frumkvöðlastarf á sviði fullvinnslu landbúnaðarafurða í fyrirtækinu Sauðagull og saumastofa með sérgerðar vörur fyrir börn og fullorðna með sérþarfir sem ber heitið Saumadraumur. Þá eru í sveitarfélaginu starfandi verktakar s.s. á sviði byggingastarfsemi og jarðvinnu. Sveitarstjórn sér ýmis tækifæri til þróunar og fjölgunar starfa í öllum þessum starfsgreinum. Erfitt er að gera marktækar spár til langs tíma um fjölgun starfa enda óvissuþættir fjölmargir. Markmið og væntingar er um að ársverkum í Fljótshreppi fjölgi jafnt og þétt á næstu árum og verði að lágmarki 100 árið 2040. Nánast ekkert atvinnuleysi er í sveitarfélaginu og árstíðabundin vöntun á starfsfólki í ferðaþjónustu.

Íbúðir – framboð, eftirspurn, lausar íbúðir, áform um byggingu til ársins 2040.

Vísuð er til húsnæðisáætlunar 2023 sem fylgir í viðhengi. Svo sem þar kemur fram er vöntun á íbúðarhúsnæði í Fljótshreppi og markmiðið að fjölga nýjum íbúðum um 28 til ársins 2032. Eins og áður greinir er uppbygging byggðakjarna í sveitarfélaginu í undirbúningi. Gangi áætlunir um byggðakjarnann eftir er þess vænst að með honum skapist möguleiki til að byggja eftir þörfum í sveitarfélaginu á næstu árum og þess vænst að allt að 50 nýjar íbúðir hafi verið byggðar árið 2040. Eins og áður greinir ræðst framvinda þessa að miklu leyti af því hvernig tekst til við fjölgun atvinnutækifæra í sveitarfélaginu.

## SÉRSTAÐA SVEITARFÉLAGSINS

Almenn einkenni/áhersla í sveitarfélaginu.

Í Fljótssdalnum er talsvert fjölbreytt atvinnustarfsemi eins og lýst hefur verið og sem má nánar vísa til innviðagreiningar um sem fylgir í viðhengi. Áherslur og einkenni samfélagsins koma að mörgu leyti vel fram í verkefninu "Fögur framtíð í Fljótssdal" þar sem í samstarfi íbúa og sveitarfélagsins hefur verið unnin metnaðarfull og merk vinna við markmiðssetningu og þróun mannlífs og atvinnulífs í Fljótssdal. Um þessa vinnu má vísa til ársskýrslu verkefnisins sem fylgir hér með í viðhengi.

Samfélagsleg sérstaða.

Mikil nýsköpun tengd verkefninu "Fögur framtíð í Fljótssdal"sbr. svar hér að framan. Fjölbreytni í atvinnulífi miðað við að þetta er í grunninn sveitasamfélag. Traustur fjárhagur sveitarfélagsins.

Landfræðileg sérstaða, t.a.m. náttúruvá.

Veðurfar í Fljótssdalnum er sérstaklega gott bæði vetur og sumur. Vetur eru almennt snjóléttir og sumur hlý þegar áttir eru sunnanstæðar. Veðurfarið einkennist af því sveitarfélagið liggur langt frá sjó og ber það því ýmis einkenni svokallaðs meginlandsloftslags. Fljótssdalshreppur er innsti hluti Fljótssdalshéraðs og liggur þannig að miðhálandi landsins. Fljótssdalsheiðin er aðgengileg eftir umfangsmikla vegagerð tengdri Kárahnjúkavirkjun. Í sveitarfélaginu er að finna ýmis náttúrufyrirbæri s.s. Eyjabakka, Snæfell, Strútsfoss og Hengifoss. Þær náttúruvár sem helst eru þekktar í Fljótssdalnum eru jarðvegsskriður úr bröttum fjallshlíðum við miklar rigningar á haustin.

Auðlindir.

Í Fljótssdalnum hefur vatnsorkan verið virkjuð til rafmagnsframleiðslu í Kárahnjúkavirkjun. Finna má ýmsa smærri möguleika til rafmagnsframeiðslu úr vatnsorku í sveitarfélaginu. Þá er til skoðunar eins og víða annars staðar á landinu hvort hagkvæmt kunni að vera að virkja vind í sveitarfélaginu og nýta í tengslum við þá orkuvinnslu þá innviði raforkuflutnings sem er fyrir hendi. Landkostir og veðurfar í Fljótssdal leiða til þess að hagkvæmt er að stunda skógrækt og landbúnað í sveitarfélaginu. Þá skapar náttúran og nálægðin við hálandið ýmsa möguleika til ferðaþjónustu eins og þegar hefur sannast með starfsemi Öbygðaseturs Íslands.

## FJÁRHAGSLEG VIÐMIÐ - A-HLUTI

Heiti sveitarfélags

Fljótssdalshreppur

Vinsamlega veljið viðeigandi sveitarfélag í flettistiku, yfirfarið og færið inn athugasemdir og ábendingar í athugasemdasvæðið að neðan ef þörf er á.

Athugasemdir vegna forskráðra upplýsinga um fjárhag sveitarfélagsins

Taflan miðast við samþykka ársreikninga fyrir rekstrarárin 2019 og 2020 og fjárhagsáætlanir fyrir rekstrarárin 2021 og 2022 en ársreikningar vegna þeirra rekstrarára hafa verið samþykktir.

## LÖGBUNDIN VERKEFNI

Íslensk sveitarfélög bera ábyrgð á hátt á áttunda tug lögbundinna verkefna. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort neðangreind lögbundin verkefni eru á hendi:

Sveitarfélagsins sjálfs,  
annars sveitarfélags sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga,  
byggðasamlags sbr. 93. - 95. gr. sveitarstjórnarlaga, eða,  
eru unnin á grundvelli annars konar samvinnu, t.d. á grundvelli samstarfssamnings sbr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga eða annarrar lögbundinnar samvinnu.  
Verkefnið eigi ekki við, t.a.m. vegna legu sveitarfélagsins.

Með því að færa tölvubendil yfir spurningamerkið () er hægt að kalla fram viðeigandi lög með nánari upplýsingum um viðfangsefni.

## FJÖLSKYLDA, VELFERÐ OG JAFNRÉTTI

|  |                    |
|--|--------------------|
| FÉLAGSÞJÓNUSTA                                       | Annað sveitarfélag |
| Hvaða sveitarfélag                                   | Múlaþing           |
| FJÁRHAGSAÐSTOÐ                                       | Annað sveitarfélag |
| Hvaða sveitarfélag                                   | Múlaþing           |
| FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF                                    | Annað sveitarfélag |
| Hvaða sveitarfélag                                   | Múlaþing           |
| MÁLEFNI ALDRAÐRA                                     | Annað sveitarfélag |
| Hvaða sveitarfélag                                   | Múlaþing           |
| MÁLEFNI FÓLKS MEÐ FÖTLUN                             | Annað sveitarfélag |
| Hvaða sveitarfélag                                   | Múlaþing           |
| STUÐNINGSÞJÓNUSTA                                    | Annað sveitarfélag |
| Hvaða sveitarfélag                                   | Múlaþing           |
| VÍMUVARNIR OG AÐSTOÐ VIÐ EINSTAKLINGA MEÐ FÍKNIVANDA | Annað sveitarfélag |
| Hvaða sveitarfélag                                   | Múlaþing           |
| AÐSTOÐ VIÐ ERLENDA RÍKISBORGARA                      | Annað sveitarfélag |
| Hvaða sveitarfélag                                   | Múlaþing           |
| TÚLKAÞJÓNUSTA  | Sveitarfélagið     |
| JAFNRÉTTISMÁL  | Sveitarfélagið     |

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Félagsþjónusta, fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf

Málefni aldraðraMálefni fólks með fötlun

StuðningsþjónustaVímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivandaAðstoð við erlenda ríkisborgaraTúlkapjónustaJafnréttismál

Þjónusta sveitarfélagsins

Fljótsdalshreppur hefur ásamt Vopnafjarðarhreppi gert samning við Múlaþing um sameiginlegt þjónustusvæði almennrar og sértækrar félagsþjónustu á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samningurinn tekur til almennrar félagslegrar þjónustu á grundvelli laga nr. 40/1991 með síðari breytingum, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og barnaverndarstarfs á grundvelli laga nr. 80/2002 með síðari breytingum, auk annarra laga er heyra undir málaflokk félagsþjónustu og barnaverndar. Tilgreindur samningur fylgir með í viðhengi.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Múlaþing er leiðandi sveitarfélag á þjónustusvæðinu um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk. Fljótsdalshreppur ásamt Vopnafjarðarhreppi hafa framselt Múlaþingi vald til ákvörðunar um stefnumótun og framkvæmd almennrar og sértækrar félagsþjónustu er varðar þá sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélögunum og jafnframt framselt vald til töku stjórnvaldsákvæðana sem heyra undir þau verkefni sem Múlaþing sinnir samkvæmt samningnum.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Fljótsdalshreppur telur að núverandi fyrirkomulagi skili fullnægjandi þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins og fær ekki séð að tækifæri til úrbóta felist í sameiningu við annað eða önnur sveitarfélög. Tekið skal fram að félagsþjónustan var áður rekin í byggðasamlagi sem Fljótsdalshreppur átti aðild að byggja upp og er núverandi starfsemi félagsþjónustunnar reist á þeim grunni.

## HÚSNÆÐISMÁL

|   |                |
|---|----------------|
| LÖGBUNDIN VERKEFNI Á SVIÐI HÚSNÆÐISMÁLA       | Byggðasamlag   |
| Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu | Múlþing        |
| SÉRSTAKUR HÚSNÆÐIS-STUÐNINGUR                 | Sveitarfélagið |

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?  
Lögbundin verkefni á sviði húsnæðismála  
Sérstakur húsnæðisstuðningur

Þjónusta sveitarfélagsins

Fljótsdalshreppur er ásamt Múlþingi aðili að byggðasamlaginu Ársölum. Tilgangur samlagsins er að byggja, kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis til lengri tíma til íbúa 60 ára og eldri á starfssvæði samlagsins og annars staðar eftir ákvörðun þess.

Fljótsdalshreppur hefur sett sér reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Stjórn Ársala bs. er skipuð þremur stjórnarmönnum þar af einum fulltrúa Fljótsdalshrepps sem er sveitarstjóri. Sveitarfélagið hefur áhrif á þróun og framkvæmd þjónustunnar með stjórnarsetu og þeim rétti að öðru leyti sem aðild veitir samkvæmt samþykktum.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Fljótsdalshreppur fær ekki séð að sameining við annað eða önnur sveitarfélög myndi fela í sér tækifæri til úrbóta á þessu sviði.

## BÖRN OG FRÍSTUNDIR

|   |  |
|---|--|
| LEIKSKÓLAR                                    | Annað sveitarfélag                           |
| Hvaða sveitarfélag                            | Múlaþing                                     |
| FRÆÐSLUSKRIFSTOFA                             | Annað sveitarfélag                           |
| Hvaða sveitarfélag                            | Múlaþing                                     |
| GRUNNSKÓLAR                                   | Annað sveitarfélag                           |
| Hvaða sveitarfélag                            | Múlaþing                                     |
| FRÍSTUNDAHEIMILI                              | Annað sveitarfélag                           |
| Hvaða sveitarfélag                            | Múlaþing                                     |
| MÁLEFNI BARNNA OG UNGMENNA                    | Annað sveitarfélag                           |
| Hvaða sveitarfélag                            | Múlaþing                                     |
| ÞJÓNUSTA VIÐ UNGLINGA                         | Annað sveitarfélag                           |
| Hvaða sveitarfélag                            | Múlaþing                                     |
| ÆSKULÝÐSMÁL                                   | Sveitarfélagið                               |
| ALMENNINGSBÓKASÖFN                            | Byggðasamlag                                 |
| Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu | Múlaþing, Fjarðabyggð og Vopnafjarðarhreppur |

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Leikskólar

Fræðsluskrifstofa, grunnskólar

Frístundaheimili

Málefni barna og ungmenna

Þjónusta við unglinga

Æskulýðsmál

Almenningsbókasöfn

Þjónusta sveitarfélagsins

Fljótisdalshreppur og Múlaþing hafa með sér þjónustusamning vegna barna með lögheimili í sveitarfélaginu sem stunda nám í skólum Múlaþings. Samkvæmt þeim samningi tekur Múlaþing að sér að annast leik-, grunn- og tónlistarskólafarsemi fyrir nemendur með lögheimili í Fljótisdalshreppi sem skulu hafa eiga rétt til skólavistar á sömu forsendum og nemendur með lögheimili í Múlaþingi. Fyrir þjónustu þessa greiðir Fljótisdalshreppur Múlaþingi í samræmi við kostnað við veitingu hennar svo sem nánar greinir í þjónustusamningnum sem fylgir með í viðhengi.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Samkvæmt þjónustusamningi Fljótisdalshrepps og Múlaþings þurfa ákvarðanir þess síðarnefnda um framkvæmd þjónustu samkvæmt samningnum ekki staðfestingu frá sveitarstjórn Fljótisdalshrepps. Fulltrúar í sveitarstjórn Fljótisdalshrepps eiga rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefnið sem þeir ella hefðu haft skv. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara en þó þannig að óheimilt er að uppsögn valdi rofi á skólagöngu barns innan sama skólaárs.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Fljótisdalshreppur fær ekki séð að sameining við annað eða önnur sveitarfélög myndi fela í sér tækifæri til umbóta á umræddu sviði.

## MANNVIRKJA- OG SKIPULAGSMÁL

|  |                |
|--|----------------|
| FASTEIGNAMAT                                   | Sveitarfélagið |
| EFTIRLIT MEÐ MANNVIRKJAGERÐ OG LEYFISVEITINGAR | Sveitarfélagið |
| EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR                        | Sveitarfélagið |
| FRAMKVÆMD UMHVERFISMATS                        | Sveitarfélagið |
| SKIPULAGSMÁL                                   | Sveitarfélagið |
| VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ                           | Sveitarfélagið |
| SAMRÁÐ VIÐ FÉLÖG Í FRÍSTUNDBYGGÐ               | Sveitarfélagið |

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?  
Fasteignamat, eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar, eignaskiptayfirlýsingar  
Framkvæmd umhverfismats, skipulagsmál  
Verndarsvæði í byggð  
Samráð við félög í frístundabyggð

Þjónusta sveitarfélagsins

Fljótaldalshreppur er með skipulags- og byggingarfulltrúa sem sinnir þeim lögbundnu verkefnum sem undir starfssvið hans heyrir. Þá er starfandi skipulags- og byggingarnefnd í sveitarfélaginu.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Þjónusta á þessu sviði hefur ekki verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í annarri samvinnu.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Fljótaldalshreppur fær ekki séð að sameining við annað eða önnur sveitarfélög myndi fela í sér tækifæri til umbóta á umræddu sviði.

## ÖRYGGISMÁL

|   |  |
|---|--|
| ALMANNAVARNIR                                 | Annað sveitarfélag   |
| Hvaða sveitarfélag                            | Samvinna allra sveitarfélaga á Austurlandi þ.e. auk Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhreppur, Múlaþing og Fjarðabyggð |
| BRUNAVARNIR OG BRUNAMÁL, Þ. Á M. SLÖKKVILIÐ   | Byggðasamlag   |
| Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu | Múlaþing og Vopnafjarðarhreppur  |
| SJÓVARNIR                                     | Á ekki við   |
| Skýring                                       | Fljótsdalshreppur liggur langt frá sjó og hafa sjóvarnir því lítið komið lítið við sögu þess.                      |
| VARNIR GEGN SNJÓFLÓÐUM OG SKRIÐUFÖLLUM        | Sveitarfélagið   |

Hvernig er framangreindri þjónustu háttáð í sveitarfélaginu?

Almannavarnir

Brunavarnir og brunamál, þ.á m. slökkvilið

Sjóvarnir

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Þjónusta sveitarfélagsins

Brunavarnir á Austurlandi er byggðasamlag Fljótsdalshrepps, Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps. Brunavarnir Austurlands sjá um rekstur slökkviliðs fyrir Múlaþing og Fljótsdalshrepp. Sveitarfélög á Austurlandi hafa sameiginlega almannavarnanefnd sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 82/2008 sem sinnir almannavörnum á svæðinu með öðrum yfirvöldum á því sviði svo sem nánar er kveðið á um í tilgreindum lögum.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Fljótsdalshreppur tekur þátt í samráði og samvinnu á sviði almannavarna og brunavarna með öðrum sveitarfélögum á Austurlandi.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Fljótsdalshreppur fær ekki séð að sameining við annað eða önnur sveitarfélög myndi fela í sér tækifæri til umbóta á umræddu sviði.

## UMHVERFISMÁL, DÝRAHALD O.FL.

|   |   |
|---|---|
| SÖFNUN OG MEÐFERÐ ÚRGANGS OG SORPS            | Sveitarfélagið  |
| LANDGRÆÐSLA                                   | Sveitarfélagið  |
| HEILBRIGÐISEFTIRLIT                           | Byggðasamlag  |
| Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu | Múlaþing, Vopnafjarðarhreppur, Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður |
| DÝRAVERND OG DÝRAVELFERÐ.                     | Sveitarfélagið  |
| MEINDÝRAEYÐING ,DÝRAEFTIRLIT                  | Sveitarfélagið  |
| VARNARLÍNUR VEGNA BÚFJÁRSJÚKDÓMA              | Sveitarfélagið  |
| FJALLSKIL                                     | Sveitarfélagið  |
| FRÁVEITUR                                     | Sveitarfélagið  |
| VATNSVEITUR                                   | Sveitarfélagið  |
| ÝMIS VERKEFNI Á SVIÐI NÁTTÚRUVERNDAR          | Sveitarfélagið  |
| MENGUNARVARNIR                                | Byggðasamlag  |
| Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu | Múlaþing, Vopnafjarðarhreppur, Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður |

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Söfnun og meðferð úrgangs og sorps

Landgræðsla

Heilbrigðiseftirlit

Dýravernd og dýravelferð

Meindýraeyðing, dýraeftirlit

Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

Fjallskil

Fráveitur

Vatnsveitur

Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar

Mengunarvarnir

Þjónusta sveitarfélagsins

Sveitarfélagið annast söfnun og förgun úrgangs og sorps og framkvæmd í höndum verktaka sem það hefur ráðið til starfans.

Vatnsveitur og fráveitur eru almennt við hvern bæ eða jörð ekki í eigu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur styrkt eigendur og ábúendur við úrbætur við veitumál. Vatnsveita á Klaustursvæði er með aðild sveitarfélagsins.

Framkvæmd heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna eru í höndum Heilbrigðiseftirlits Austurlands sem er byggðasamlag allra sveitarfélaga á Austurlandi. Umsjón með málefnum sem snúa að dýrahaldi, fjallskilum, dýravernd, meindýraeyðingu og varnarlínum búfjársjúkdóma er hjá sveitarfélaginu í samvinnu við önnur yfirvöld þegar um slík er að ræða. Sama má segja um verkefni á sviði náttúruverndar þau eru unnin af sveitarfélaginu eftir atvikum í samvinnu við önnur yfirvöld á því sviði.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Að því marki sem þjónusta þessi hefur verið falin öðrum, sem í þessu tilviki á einungis við um heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir er aðkoma í gegnum stjórn byggðasamlagsins (HAUST) í samræmi við samþykktir þess.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Fljótsdalshreppur fær ekki séð að sameining við annað eða önnur sveitarfélög myndi fela í sér tækifæri til umbóta á umræddu sviði.



## FRAMKVÆMDIR

|                                  |                |
|----------------------------------|----------------|
| GATNAGERÐ                        | Sveitarfélagið |
| LAGNING OG VIÐHALD VEGA OG STÍGA | Sveitarfélagið |

Hvernig er framangreindri þjónustu háttáð í sveitarfélaginu?

Gatnagerð

Lagning og viðhald vega og stíga

Þjónusta sveitarfélagsins

Fljótsdalshreppur hefur lagt fram verulega fjármuni til vegagerðar í sveitarfélaginu með samningum við Vegagerðina. Þá hefur sveitarfélagið séð um lagningu bundins slitlags á heimreiðar að bæjum í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið hefur annast stígagerð í sveitarfélaginu og gerð bílaplana á fjölförnum stöðum svo sem við Hengifoss, Valþjófsstaðakirkju og Végarð.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Þjónusta á þessu sviði sem sveitarfélagið sér um lögum samkvæmt hefur ekki verið falin öðrum.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Fljótsdalshreppur fær ekki séð að sameining við annað eða önnur sveitarfélög myndi fela í sér tækifæri til umbóta á umræddu sviði.

## VERKEFNI SEM SVEITARFÉLÖGUM ER HEIMILT AÐ SINNA

Eftirfarandi eru algeng verkefni sem sveitarfélögum er heimilt að sinna en ber ekki skylda til, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort og hvernig sveitarfélagið sinnir eftirfarandi verkefnum.

|                                 |                 |
|---------------------------------|-----------------|
| ALMENNINGSAMGÖNGUR              | Í samvinnu      |
| REKSTUR HITAVEITU               | Engin starfsemi |
| HOLRÆSAMÁL                      | Engin starfsemi |
| MENNINGARSTYRKIR                | Sveitarfélagið  |
| REKSTUR SAFNA                   | Í samvinnu      |
| REKSTUR NÁTTÚRUSTOFU            | Engin starfsemi |
| REKSTUR RAFMAGNSVEITNA          | Engin starfsemi |
| REKSTUR DAGDVALAR FYRIR ALDRAÐA | Engin starfsemi |
| REKSTUR TÓNLISTARSKÓLA          | Í samvinnu      |
| FRÍSTUNDASTYRKIR                | Sveitarfélagið  |
| FRÍSTUNDAHÚS                    | Engin starfsemi |
| REKSTUR SUNDLAUGA               | Engin starfsemi |
| KYNNINGARSTARFSEMI              | Sveitarfélagið  |
| FERÐAMÁLAPJÓNUSTUNA             | Í samvinnu      |
| REKSTUR ÍPRÓTTAMANNVIRKJA       | Engin starfsemi |
| ÍPRÓTTAPJÓNUSTA                 | Engin starfsemi |
| NÝSKÖPUNARSTYRKIR               | Sveitarfélagið  |

Hvernig er verkefnum/þjónustu að ofangreindu tagi sinnt? (stutt greinargerð fyrir hvert verkefni)

Hér er bæði vísað í verkefni á listanum og hugsanleg önnur ólögbundin verkefni.

Almenningssamgöngur

Rekstur hitaveitu

Holræsamál

Menningarstyrkir

Rekstur safna

Rekstur náttúrustofu

Rekstur rafmagnsveitna

Rekstur dagdvalar fyrir aldraða

Rekstur tónlistarskóla

Frístundastyrkir

Frístundahús

Rekstur sundlauga

Kynningarstarfsemi

Ferðamálaþjónusta

Rekstur íþróttamannvirkja

Íþróttapjónusta

Nýsköpunarstyrkir

Ólögbundin verkefni

Sveitarfélagið tekur þátt í rekstri almenningsamgangna á Austurlandi með fjárframlagi.

EKKI rekin hitaveita fyrir íbúa en húsnæði sveitarfélagsins að Laugafelli er upphitað með heitu vatni úr jörðu á svæðinu.

Sveitarfélagið veitir menningar- og menntunarstyrki, m.a. í gegnum verkefnið "Fögur framtíð í Fljótsdal".

Sveitarfélagið tekur þátt í tónlistarskólastarfi með þjónustusamningi við Múlaþing.

Sveitarfélagið veitir frístundastyrki.

Sveitarfélagið tekið þátt í ýmis konar kynningarstarfsemi í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið kemur að ferðamálaþjónustu með útleigu á húsnæði til reksturs gististaða í Fljótsdalsgrund (Hengifoss gesthouse) og Laugafell. Þá er sveitarfélagið eigandi tjaldstæðis við félagsheimilið Végarð sem er í eigu sveitarfélagsins og þar fá tjalddgestir aðgang að salernum og sturtum.

Sveitarfélagið veitir ýmis konar nýsköpunar- og umhverfisstyrki bæði beint og í gegnum sjóði sem stofnaðir hafa verið.

Tekur sveitarfélagið þátt í rekstri fyrirtækja? Ef svo er, með hvaða hætti?

Lýsing

Sveitarfélagið er hluthafi í Skógarafurðum ehf. og á fulltrúa í stjórn félagsins.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnið samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Með aðild að stjórn og þátttöku félagsfundum í byggðasamlögum og gegnum þjónustusamninga í samræmi við efni þeirra.

Myndi samþingning sveitarfélagsins við opnað/öppur sveitarfélög felo í sér tekiþætti til umbóta á umræddum sviðum og ef

## LÖGBUNDNAR STEFNUR, ÁÆTLANIR OG SAMÞYKKTIR

|   |  |
|---|--|
| Hefur sveitarfélagið sett sér jafnréttisáætlun?   | Já   |
| Hvenær tók áætlunin gildi?  | 03.03.2020   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér húsnæðisáætlun?   | Já   |
| Hvenær tók áætlunin gildi?  | 07.02.2023   |
| Hefur sveitarfélagið samþykkt aðalskipulag?   | Já   |
| Hvenær tók skipulagið gildi?  | 03.12.2014   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins?   | Já   |
| Hvenær tók samþykktin gildi?  | 21.01.2013   |
| Hefur sveitarstjórn sett sér siðareglur?  | Já   |
| Hvenær tóku reglurnar gildi?  | 21.01.2013   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér málstefnu ?   | Nei  |
| Hvers vegna ekki?   | Ekki verið unnin þar sem ekki hefur verið talin þörf.  |
| Hefur sveitarfélagið sett sér byggðastefnu?   | Já   |
| Hvenær tók stefnan gildi?   | 01.09.2019   |
| Hefur sveitarfélagið samþykkt viðbragðsáætlun almannavarnanefndar?  | Já   |
| Hvenær tók áætlunin gildi?  | 11.03.2012   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér brunavarnaráætlun?  | Nei  |
| Hvers vegna ekki?   | Sameiginleg brunavarnaráætlun er vinnslu fyrir sveitarfélögin á Austurlandi  |
| Hefur sveitarfélagið sett sér loftslagsstefnu?  | Nei  |
| Hvers vegna ekki?   | Er í vinnslu og gert ráð fyrir að ljúki á þessu ári  |
| Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu?   | Nei  |
| Hvers vegna ekki?   | Svæðisáætlun um meðhöndlun sorps á Austurlandi 2005-2020 var sett 2006 og unnið að endurnýjun í samvinnu við önnur sveitarfélög á Austurlandi. |
| Hefur sveitarfélagið sett sér svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs?   | Nei  |
| Hvers vegna ekki?   | Svæðisáætlun um meðhöndlun sorps á Austurlandi 2005-2020 var sett 2006 og unnið að endurnýjun í samvinnu við önnur sveitarfélög á Austurlandi  |
| Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar ?  | Já   |
| Hvenær tóku reglurnar gildi?  | 27.03.2023   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um stuðningsjónustu?   | Já   |
| Hvenær tóku reglurnar gildi?  | 27.03.2023   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér skólastefnu ?   | Já   |
| Hvenær tók stefnan gildi?   | 10.01.2023   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?   | Já   |
| Hvenær tóku reglurnar gildi?  | 05.12.2022   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um úthlutun félagslegs húsnæðis?   | Já   |
| Hvenær tóku reglurnar gildi?  | 05.12.2022   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í gróðaskyni ? | Já   |
| Hvenær tóku reglurnar gildi?  | 05.12.2022   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum ?                        | Já   |
| Hvenær tóku reglurnar gildi?  | 05.12.2022   |
| Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af húsiðrum á meðan þær  | Já   |

## LÖGBUNDNAR NEFNDIR

Eru eftirfarandi lögbundnar nefndir starfandi í sveitarfélaginu? Ef, ekki, hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?

|  |  |
|--|--|
| Almannavarnarnefnd                               | Nei  |
| Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?    | Sameiginleg almannavarnarnefnd fyrir Austurland og sveitarfélagið á einn fulltrúa í nefndinni. |
| Félagsmálanefnd                                  | Nei  |
| Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?    | Samningur um framkvæmd félagsþjónustu við Múlaþing og Vopnafjarðarhrepp.                       |
| Jafnréttisnefnd                                  | Nei  |
| Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?    | Sveitarstjórn sinnir þessu verkefni.   |
| Kjörstjórn                                       | Já   |
| Náttúruverndarnefnd                              | Já   |
| Nefnd um málefni leikskóla                       | Nei  |
| Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?    | Þjónustusamningur um framkvæmd við Múlaþing.   |
| Notendaráð vegna félagsþjónustu sveitarfélagsins | Nei  |
| Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?    | Samningur um framkvæmd félagsþjónustu við Múlaþing.  |
| Skipulagsnefnd                                   | Já   |
| Skólanefnd                                       | Nei  |
| Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?    | Þjónustusamningur um framkvæmd við Múlaþing.   |
| Stjórn almenningsbókasafns                       | Já   |
| Ungmennaráð                                      | Nei  |
| Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?    | Samningur um framkvæmd um félagsþjónustu við Múlaþing.   |
| Öldungaráð                                       | Nei  |
| Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?    | Samningur um framkvæmd félagsþjónustu við Múlaþing.  |

## Sameiningarkostir

### TÆKIFÆRI TIL SAMEININGAR VIÐ ANNAÐ/ÖNNUR SVEITARFÉLÖG

Hvaða sameiningarkostir koma helst til greina?

Í Fljótsdalshreppi hefur verið mikil eining um að halda sveitarfélaginu sem sérstakri einingu og hafa ekki verið taldri vera fyrir hendi raunhæfir og vænlegir kostir til sameiningar. Það sem sveitarstjórn hefur helst talið vera hægt að líta til er sameining alls Austurlands í sveitarfélag þ.e. sameining, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fjarðabyggðar og Fljótsdalshrepps.

Hvaða tækifæri mun fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs hafa í för með sér fyrir sveitarfélagið vegna þeirra sameiningakosti sem koma til greina?

Sveitarfélagið sér ekki tækifæri fyrir það og íbúa þess í við sameiningu.

Hvaða áskoranir hafa þessir sameiningarkostir í för með sér?

Fljótsdalshreppur myndi verða jaðarsvæði í sameinuðu sveitarfélagi og að hætta sé á að slík svæði verði útundan varðandi þjónustu þegar þau tengjast stærri heild.

Sveitarfélagið býr við að hafa sterka og stöðuga tekjustofna sem gerir það að verkum að það getur boðið íbúum sínum ýmis konar þjónustu og fyrirgreiðslu sem ólíklegt er að myndi haldast væri það orðið hluti af stærra og fjölmennara sveitarfélagi.

Hefur sveitarfélagið áður verið í viðræðum við annað/önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu eða eru slíkar viðræður í bígerð?

Íbúar Fljótsdalshrepps hafa tvisvar kosið um sameiningu, fyrri sinnið 1996 um sameiningu við Skriðdals- og Vallahrepp og síðara skiptið 2003 um sameiningu allra sveitarfélaga á Héraði. Í báðum tilvikum var sameining felld. Raunar var svo að í fyrri skiptið hlaut sameining meirihluta í Fljótsdal en var felld í Skriðdalshreppi. Fyrir nokkrum árum fór fram óformleg skoðanakönnun um vilja íbúa til sameiningar og varð niðurstaða hennar sú að nánast einróma andstaða væri við hana.

Hvaða stjórnskipulag gæti komið til greina við myndun nýs sveitarfélags, t.a.m. fjölgun í sveitarstjórn eða aukið vald til nefnda sem færu með málefni afmarkaðra svæða (heimastjórnir)?

Eins og áður greinir telur sveitarstjórn Fljótsdalshrepps helsta sameiningarkostinn að sameina allt Austurland í eitt sveitarfélag. Í því tilviki væri líklega skynsamlegt að fjölga í sveitarstjórn og mögulega að koma á heimastjórnarfyrirkomulagi í þeim anda sem gert var í Múlaþingi. Lítil reynsla er komin á það fyrirkomulag og skiptar skoðanir um það.

Hvaða lýðfræðilegu veikleikar/styrkleikar myndu felast í þeim sameiningarkostum? Veljið viðkomandi sveitarfélag og helsta sameiningarkost/í í flettistikunni.

Hvaða tækifæri hafa þessir sameiningarkostir í för með sér í tengslum við uppbyggingu þjónustu, fjölbreyttari atvinnutækifæri, aukinn félagsauð, öflugri stjórnsýslu og aðra mikilvæga þætti í starfsemi sveitarfélagsins?

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps fær ekki séð að sameining sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög væri líkleg til að bæta þjónustu við íbúa í Fljótsdal eða að bæta stöðu þeirra að öðru leyti. Þvert á móti er það skoðun sveitarstjórnar að sveitarfélagið og íbúar þess séu í góðri stöðu til að þróa samfélagið áfram.

Hefur sameining við annað eða önnur sveitarfélög í för með sér tækifæri til hagræðingar? Ef svo er, á hvaða sviðum og hversu mikla?

Að mati sveitarstjórnar myndi sameining ekki hafa í för með sér hagræðingu þegar lítið er bæði til tekju- og gjaldaliða. Í því sambandi verður að hafa í huga að þó kostnaður á hvern íbúa kynni að lækka við sameiningu við fjölmennara sveitarfélag eða sveitarfélög myndu tekjur Fljótsdalshrepps pr. íbúa í sveitarfélaginu lækka hlutfallslega meira. Þá má vænta að skuldir pr. íbúa myndu aukast verulega.

Hvaða tækifæri til umbóta innan sveitarfélagsins gæti sú hagræðing haft í för með sér?

Fljótsdalshreppur býr við traustan fjárhag, skuldar lítið og er með stöðuga og sterka tekjustofna. Sveitarstjórn sér ekki neina fjárhagslega hvata til sameiningar við annað eða önnur sveitarfélög. Eins og fram hefur komið í skýrslu þessari sinnir sveitarfélagið lögbundnum verkefnum sínum auk ýmissa ólögbundinna. Fljótsdalshreppur hefur þegar það telst hagfelld gert samninga við önnur sveitarfélög um veitingu þjónustu og/eða tekið þátt í byggðasamlögum um þjónustu í samræmi við IX. kafla sveitarstjórnarlaga.